

# KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2019: RÖKSTUÐNINGUR DÓMNEFNDA (UM ALLAR TILNEFNNDAR MYNDIR)

## DANMÖRK

Titill á frummáli:	Dronningen
Titill á ensku:	Queen of Hearts
Leikstjórn:	May el-Toukhy
Handrit:	May el-Toukhy, Maren Louise Käehne
Framleiðendur:	Caroline Blanco, René Ezra

Það er snúið að segja sögu þegar áhorfendum er látið eftir að geta sér til um ástæður og hvatir persónanna, sérstaklega þegar um er að ræða nokkuð svo siðferðislega vafasamt sem kynferðislegt samband aðalpersónu við stjúpson sinn. Í *Dronningen*, sem er að mörgu leyti á skjön við okkar venjubundna skilning á kvikmyndum, upplifir áhorfandinn þessa berskjöldun þó ekki sem óviðeigandi. Leikstjórinn May el-Toukhy finnur rétta jafnvægið í nálgun sinni og aðalpersóna myndarinnar er dularfull en heilsteypt í túlkun Trine Dyrholm. *Dronningen* er unaðslega hneykslanleg upplifun fyrir augu og anda.

Dómnefnd: Per Juul Carlsen, Jacob Wendt Jensen, Eva Novrup Redvall

## FINNLAND

Titill á frummáli:	Aurora
Titill á ensku:	Aurora
Leikstjórn:	Miia Tervo
Handrit:	Miia Tervo
Framleiðandi:	Max Malka

Um alla Evrópu notfæra öfgahægriöfl sér ótta fólks við straum innflytjenda til að ná uppgangi. Í því andrúmslofti gerist *Aurora*, frumraun leikstjórans og handritshöfundarins Miiu Tervo, hjartnæm samtímasaga um sársauka og gleði og kærkomið mótefni við vitsmunakreppu. Hér er á ferð saga af breyskum einstaklingum sem berjast fyrir tilveru sinni í norrænu borgarumhverfi, sögð af mannúð og hluttekningu, á jafningjagrundvelli og án umvandana.

Dómnefnd: Jaana Puskala, Harri Römpötti, Mikaela Westerlund

## ÍSLAND

Titill á frummáli:	Hvítur, hvítur dagur
Titill á ensku:	A White, White Day
Leikstjórn:	Hlynur Pálmason
Handrit:	Hlynur Pálmason
Framleiðandi:	Anton Máni Svansson

Í *Hvítum, hvítum degi* fjallar leikstjórinn Hlynur Pálmason um sálarlífskreppu miðaldra lögreglustjóra sem missir eiginkonu sína svíplega. Ingimar er ófær um að gefa sig sorginni á vald og verður smám saman að skapillum einbúa sem leggur enga rækt við persónuleg tengsl, að frátöldu hjartnæmu sambandi við afastelpuna sína. Karlmennskan er áberandi stef í myndinni en Ingimar er fjötraður af eigin vanmætti til að eiga afdráttarlaus samskipti við samstarfsfólk sitt, sem og dóttur sína og barnabarn, sem vilja sækja til hans samúð og stuðning á tímum mikillar sorgar.

Sálarlíf Ingimars endurspeglast í sjónrænni frásagnaraðferð myndarinnar sem er í senn kynleg og ljóðræn.

Austfjarðapokan læðir sér niður fjallshlíðarnar og vofir yfir tilveru Ingimars líkt og draugur eða prísund. Viðsjált eðli þokunnar hefur verið umfjöllunarefni margra af helstu listamönnum Íslands og nærvera hennar vísar þannig í tiltekna skynjun sem einkennir íslenska list.

Pungamiðja myndarinnar er áhrifamikill leikur Ingvars E. Sigurðssonar sem hins syrgjandi lögreglustjóra. Frammið hans sýnir þögla og djúpa örvæntingu Ingimars með hægum og öguðum hætti sem aðeins er á færi reyndustu leikara.

Dómnafnd: Hilmar Oddsson, Börkur Gunnarsson, Helga Þórey Jónsdóttir

## NOREGUR

<b>Titill á frummáli:</b>	<b>Blindsone</b>
<b>Titill á ensku:</b>	<b>Blind Spot</b>
<b>Leikstjórn:</b>	<b>Tuva Novotny</b>
<b>Handrit:</b>	<b>Tuva Novotny</b>
<b>Framleiðandi:</b>	<b>Elisabeth Kvithyll</b>

*Blindsone* er átakamikil saga sem hefst með kynningu á raunsæjum heimi, fer þaðan yfir í hneykslandi og tortryggilegar aðstæður og lýkur með endurlausn aðalpersóna sem hafa verið þjakaðar af áföllum og angist. Öll frásögnin rúmast í einni samfelldri senu, sem skilar sér í áhrifamiklum leik, myndatöku og hljóðhönnun. Tuva Novotny leikstýrir hér sinni fyrstu kvikmynd og tekst að nýta tæki og töl formsins með besta móti í þágu frásagnarinnar.

Dómnafnd: Inger Merete Hobbestad, Kalle Løchen, Britt Sørensen

## SVÍPJÓÐ

<b>Titill á frummáli:</b>	<b>Rekonstruktion Utøya</b>
<b>Titill á ensku:</b>	<b>Reconstructing Utøya</b>
<b>Leikstjórn:</b>	<b>Carl Javér</b>
<b>Handrit:</b>	<b>Carl Javér, Fredrik Lange</b>
<b>Framleiðendur:</b>	<b>Fredrik Lange</b>

Ljós og myrkur, ímyndun og alvara. Tilhlökkun og örvænting, þyngsl og léttleiki. *Rekonstruktion Utøya* hefur þetta allt. Leikstjórinn Carl Javér fjallar um þennan harmræna atburð í sögu Norðurlanda af miklu næmi og með djúpri virðingu fyrir eftirlifendum og afurðin er nánast óbærilega grípandi. Ásamt ungmennunum fyrir framan tökuvélina hefur hann skapað öruggt og umburðarlynt rými þar sem samspilið, virðingin og traustið milli þátttakenda einfaldlega varpar mannúðarlegum ljósgeislum út í heiminn.

Dómnafnd: Kristina Börjeson, Emma Gray Munthe, Gunnar Bergdahl (sat hjá árið 2019 vegna hagsmunaárekstra)